

Miðvikudaginn 3. nóvember 1937.

Nr. 104/1937. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Karli Filippussyni

(Theódór B. Lindal).

Of hraður akstur.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. júlí 1937: Kærði, Karl Filippusson, sæti 60 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa.

Svo ber og kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 60.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Karl Filippusson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmáflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Theodórs B. Lindal, kr. 60.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Karli Filippussyni, bifreiðarstjóra, til heimilis í Brautarholti, hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1930 $1\frac{1}{11}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $2\frac{2}{3}$ Sætt 40 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögnum.

1931 $1\frac{1}{2}$ Sætt 30 kr. sekt fyrir brot gegn sömu lögum.

1931 $1\frac{1}{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $1\frac{1}{12}$ Dómur hæstaréttar 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 1928 og in solidum 25 kr. skaðabætur.

1932 $2\frac{1}{11}$ Áminning fyrir ljósleysi á bifreið.

1934 $2\frac{2}{9}$ Aðvörðun fyrir lögreglubrot.

1935 $1\frac{1}{3}$ Kærður af Guðmundi Danielssyni fyrir að taka með valdi ökugjald af farþega. Látið eftir atvikum falla niður, með því að kærði tók ekki meira en honum bar fyrir akturinn og kærðinn féll frá öllum kröfum fyrir sitt leyti.

Klukkan 4 aðfaranótt hins 17. þ. m. kom Eggert Guðnason, þjónn á Hótel Borg, á lögreglustöðina og heiddist lögregluaðstoðar til að sækja Þóri Jónsson, þjónn á e/s Brúarfossi, upp að Baldurshaga, en hann hafði verið skilinn þar eftir sökum ölvunar. Fór þá Jóhann Ólafsson lögregluþjónn með Eggert og öðrum manni í bifreiðinni R. 594, bifreiðarstjóri Einar Jónsson, áleiðis til að sækja Þóri. Inn við Elliðaár mættu þeir bifreiðinni R. 954, er kærði stýrði, og sýndist þeim Þórir vera í þeirri bifreið. Sneru þeir þá við og ætluðu að ná hinni bifreiðinni, en í því að þeir sneru við, jók hin bifreiðin ökuhraðann. Eltu þeir bifreiðina þar til þeir misstu sjónar af henni innst í bænum, en hittu hana síðar niðri í bæ, og var Þórir þá með henni.

Kærði hefir játað að hafa í umrætt skipti ekið á 50—55 km. hraða, miðað við klukkustund. Telur hann sig ekki hafa getað ekið hraðara vegna bilunar á bilnum, en hann hafði engan nothæfan hraðamæli í bilnum alla ferðina, og varð því að meta hraðann sjálfur, en eftir framburðum þeirra, er í bifreiðinni R. 594 voru, hefir hann ekið nokkru hraðara. Hafa þrjú vitni, sem í þeirri bifreið voru, borið, að þau hafi séð á hraðamæli þeirrar bifreiðar, sem samkvæmt vottorði bifreiðæftirlits ríkisins verður að telja réttan, að hún ók á 60—65 og 70 km. hraða, miðað við klukkustund, og á þessari leið dró lítið eða ekkert saman með bifreiðunum. Þegar niður fyrir Tungu kom, og R. 594 þá enn var á sama hraða, misstu þeir, er í þeirri bifreið voru, sjónar af R. 954 efst á Laugaveginum, og má telja vist. að kærði hafi ekið yfir löglegan bæjarhraða eftir að inn í bæinn kom. Það verður ekki unnt að tiltaka nákvæmlega, hve hratt kærði ók í umrætt skipti, en telja verður sannað, að hann hafi ekið eitthvað hraðara en hann hefir játað.

Með hinum hraða akstri hefir kærði gerzt brotlegur við 6. gr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og með því að hafa ekki nothæfan hraðamæli í bifreiðinni hefir hann brotið 7. mgr. 6. gr. bifreiðalaganna, og þykir refsing hans, samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar, hæfilega ákveðin 60 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal greiða allan kostnað sakarinnar. Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

